

VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA 2024



UMHYGGJA | FAGMENNSKA | ÖRYGGI | FRAMPRÓUN



LANDSPÍTALI

Efnisyfirlit

Fagmennska og vísindastarf – tvær hliðar á sama peningi	3
Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2024	4
Helstu verkefni Vísindaráðs 2024	4
Heiðursvísindamaður Landspítala 2024.....	5
Ungur vísindamaður Landspítala 2024	5
Verðlaunaágrip á vordögum	5
Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna 2024	6
Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS) 7	
Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands	7
Heilbrigðistækni-setur	8
Klínískar rannsóknastofur á Landspítala	9

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2024

Augnlæknisfræði	10
Barnalæknisfræði	10
Bráðalæknisfræði.....	13
Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkrabjálfun	14
Læknisfræðileg endurhæfing.....	14
Sjúkrabjálfun	14
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar	15
Geðsjúkdómafræði	17
Almenn geðlæknisfræði.....	17
Sálarfræði	18
Krabbameinslæknisfræði.....	20
Lífefna- og sameindalíffræði	22
Lyflæknisfræði	25
Blóðlæknisfræði	25
Gigtarlæknisfræði	26
Hjartalæknisfræði	30
Húð- og kynsjúkdómalæknisfræði	32
Innkirtlalæknisfræði	32
Lungnalæknisfræði	32
Svefnrannsóknir/svefnlæknisfræði.....	32
Svefnrannsóknir/Svefnlæknisfræði	34
Meltingarlæknisfræði	35
Nýrnalæknisfræði	36
Smitsjúkdómalæknisfræði	38
Meinafræði	39

Myndgreining	41
Ónæmisfræði	41
Skurðlæknisfræði.....	43
Bæklunarskurðlæknisfræði.	43
Háls- nef og eyrnaskurðlæknisfræði.....	44
Heila- og taugaskurðlæknisfræði	45
Lýtaskurðlæknisfræði.....	45
Æðaskurðlæknisfræði	45
Kviðarholsskurðlækningar.....	45
Brjóstaskurðlækningar	46
Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði	46
Þvagfæraskurðlæknisfræði	47
Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði	48
Sýkla- og veirufræði	49
Taugasjúkdómafræði.....	51
Öldrunarlæknisfræði.....	52
Barnahjúkrun	53
Bráðahjúkrun	54
Endurhæfingarhjúkrun	55
Fjölskylduhjúkrun	56
Geðhjúkrun	57
Hjúkrun aðgerðasjúklinga	58
Hjúkrun langveikra	59
Hjúkrunarstjórnun	59
Krabbameinshjúkrun	59
Kynheilbrigði	60
Skurð- og svæfingahjúkrun	60
Gjörgæsluhjúkrun.....	61
Öldrunarhjúkrun	62
Ljósómóðurfræði	62
Blóðbankinn	64
Lífeðlisfræði og læknisfræðileg eðlisfræði	65
Félagsráðgjöf	65
Geislafræðingar.....	65
Iðjupjálfun	66
Lyfjafræði	66
Næringarfræði.....	67
Talmeinafræði	68
Heilbrigðisverkfræði	68



Magnús Gottfreðsson, forstöðumaður vísinda og prófessor við Háskóla Íslands.

Fagmennska og vísindastarf – tvær hliðar á sama peningi

Árið 2024 var erilsamt á Landspítala og á það jafnt við um klíniska þjónustu, kennslu og rannsóknir. Árangursvísar spítalans hvað vísindastarf varðar eru sýndir á myndum 1-4. Í því tilliti eru birtingar á vísindalegum vettvangi eftir undangengna ritrýni einna mikilvægasti mælikvarðinn.

Mikilvægt er einnig að hafa í huga að vísindastarfsemi er oftast samvinnuverkefni. Enginn vísindamaður vinnur einangrað; niðurstöður byggja á fyrri rannsóknum og eru metnar af öðrum sérfræðingum áður en þær eru viðurkenndar. Þessi gagnrýni og opna umræðan tryggir að þekkingin sem við byggjum á sé traust og endurspeglir raunveruleikann sem best. Fagmennska birtist þar í því að taka á móti gagnrýni með opnum huga, endurskoða vinnubrögð ef þörf er á og deila niðurstöðum á skýran og heiðarlegan hátt.

Eins og fram kemur á mynd 1 fjölgaði birtingum á vísindagreinum í erlendum tímaritum lítillega á árinu 2024 miðað við árið 2023 og er það ánægjulegt. Reynslan mun sýna hvort þessi fjölgun er merki um viðsnúning eftir fækkun undangenginna ára og er það óskandi. Þá hefur fjöldi ritrýndra greina í innlendum fræðitímaritum

haldist svipaður um nokkuð langt skeið. Vert er að hafa í huga að nærri 75% allra erlendra vísindagreina eru skrifaðir í samstarfi við erlenda aðila, en framlag starfsmanna spítalans er æði misjafnt, allt frá því að vera þátttakendur eða samstarfsaðilar í umfangsmiklum fjölhöfundarannsóknum yfir í að hýsa og bera ábyrgð á framkvæmd rannsóknaverkefnanna (greinar þar sem fyrsti eða síðasti höfundur greinar kemur frá Landspítala). Síðarnefndu verkefni færa spítalanum að jafnaði meiri ábata í formi aukinnar þekkingar og bættra vinnubragða. Þau gefa oft möguleika á fleiri rannsóknatækifærum og eru því slíkar vísindagreinar auðkenndar sérstaklega í ársskýrslunni í ár líkt og árið 2023, þegar þessi háttur var hafður á í fyrsta skipti.


Á mynd 2 má sjá yfirlit um fjölda nýrra leyfa til rannsókna, útgefnum af síðanefnd heilbrigðisrannsókna og vísindasíðanefnd. Eins og sjá má á myndinni hefur leyfum sem gefin eru út af vísindasíðanefnd – sem tekur til verkefna sem fela í sér landið allt – farið fækkandi en á sama tíma fjölgar leyfum sem snúa að framkvæmd verkefna sem eru bundin við spítalann (síðanefnd heilbrigðisrannsóknir). Ljóst er að umfang þannig verkefna er alla jafna minna en hinna sem taka til landsins alls og er þessi þróun því heldur neikvæð. Jafnframt sést, ef fjöldi leyfa frá þessum tveimur nefndum er lagður saman, að heildarfjöldinn fer lækkaði. Það er ekki góður fyrirboði um framtíðar rannsóknarvirkni.

Fjöldi nema í meistara- eða doktorsnámi sem tengjast spítalanum er sýndur á mynd 3, en þar er fjöldinn svipaður og undanfarin ár sem er vel. Á fjórðu myndinni má sjá yfirlit um vísindastyrki sem starfsmenn spítalans hafa aflað á verðlagi hvers árs (óleiðrétt fyrir vísitölu). Ánægjulegt er að bætt hefur verið jafnt og þétt í vísindasjóð Landspítala og nú stendur yfir breyting á flokkun umsókna og úthlutunarfyrirkomulagi til að reyna að efla stærri verkefni og rannsóknarhópa. Engu að síður vantar mikið upp á að sjóðurinn sé nægjanlega stöndugur til að ná þeim markmiðum sem tíunduð eru í vísindastefnu spítalans.

Á tímum þar sem rangfærslur og ósannar upplýsingar dreifast hratt á samfélagsmiðlum er hlutverk vísindamanna í samfélaginu enn mikilvægara. Mikilvægt er að efla samkeppnisjóði á sviði klínískra heilbrigðisvísinda til að bestu verkefni fái þar brautargengi. Ef þau áform ganga ekki eftir mun verða enn erfiðara fyrir okkur sem samfélag að halda hér uppi þjónustu sem grundvallast á fagmennsku, jafnframt því að tryggja fullnægjandi nýliðun og gæði í heilbrigðisþjónustu. Vísindarannsóknir og gæði klínískrar þjónustu varðar okkur öll enda eru þær tvær hliðar á sama peningi, -fjárfesting í framtíðinni.


Mynd 1

Ritrýndar greinar starfsmanna Landspítala árin 2018-2024




Mynd 2

Fjöldi nýrra leyfa til rannsókna 2018-2024



Mynd 3


Fjöldi doktors- og meistaránema árin 2018-2024 sem tengjast Landspítala



Fjöldi doktors- og meistaránema sem tengjast Landspítala í sínu námi á beinan eða óbeinan hátt, ýmist sem starfsmenn spítalans eða njóta leiðsagnar starfsmanna eða nýta gögn spítalans. Nemarnir stunda nám við íslenska og erlenda háskóla.

Mynd 4

Vísindastyrkir starfsmanna Landspítala árin 2018-2024





Verðlauna- og styrkhafar á Vísindum á vordögum 2024.

Úthlutun rannsóknastyrkja Vísindasjóðs 2024

Verkefnastyrkir

Markmið verkefnastyrkja er efling rannsókna í heilbrigðisvísindum á Landspítala með úthlutun styrkja til metnaðarfullra verkefna sem stýrð eru af fastráðnu vísindafólki starfandi innan Landspítala. Árið 2024 var úthlutað styrkjum til 60 almennra vísindaverkefna, að auki var 4 Hvatningastyrkjum úthlutað, samtals að upphæð rúmlega 75 milljónir króna. Meðalupphæð styrkja til almennra vísindaverkefna var rúmlega 1,5 milljónir króna. Styrkirnir voru afhentir af formanni Vísindaráðs á Vísindum á vordögum þann 23. apríl. Með því að smella á tengilinn hér að neðan má finna upplýsingar um hvaða vísindamenn fengu styrk að þessu sinni.

[Verkefnastyrkir Vísindasjóðs 2024](#)

Hvatningastyrkir

Á uppskeruhátíðinni Vísindi á vordögum voru afhentir úr Vísindasjóði Landspítala fjórir hvatningastyrkir, hver styrkur að upphæð 5 milljónir króna. Stjórn sjóðsins ákvað að árið 2024 skyldi veita 20 milljónum króna til fjögurra metnaðarfullra verkefna. Vísindaráð Landspítala ber ábyrgð á og hefur umsjón með matsferli hvatningastyrkja og gerir tillögu til stjórnar sjóðsins.



Á myndinni eru frá vinstri: Kijin Jang. (tók við styrk fyrir hönd Hans Tómasar Björnssonar), Stefania P. Bjarnason, Sæmundur Rögnvaldsson, Viðar Eðvarðsson og Rósa Björk Barkardóttir

Helstu verkefni Vísindaráðs 2024

Vísindaráð Landspítala er forstjóra til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum. Vísindaráð hefur umsjón með úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala, þar með talið yfirferð og endanlegt mat á öllum styrkumsóknum sem berast sjóðnum, á það bæði við um styrki til ungra vísindamanna sem afhentir eru í desember hvert ár og vorstyrkina sem afhentir eru á Vísindum á vordögum. Umsýsla styrkumsókna og úthlutun styrkja hefur verið eitt umfangsmesta verkefni Vísindaráðs undanfarin ár. Árlega velur ráðið heiðursvísindamann Landspítala og ungan vísindamann Landspítala úr tilnefningum. Vísindaráð hafði að venju veg og vanda að skipulagi og umsjón með árlegri uppskeruhátíð vísinda á Landspítala, Vísindum á vordögum sem fram fór 23. apríl. Vísindaráð metur öll innsend ágríp sem sýnd eru á hátíðinni en þau eru einnig birt í fylgiriti Læknablaðsins. Starfsmaður Vísindaráðs sér um móttöku og afgreiðslu umsókna til Birtingasjóðs Landspítala fyrir hönd stjórnar sjóðsins.

Vísindaráð vann á árinu tillögu að breyttri vísindastefnu Landspítala sem gildir til ársins 2030 og var hún samþykkt af framkvæmdastjórn í lok árs 2024. Vísindastefnan er birt á vef Landspítala. Formlegu samstarfi var einnig komið á við nýsköpunarfyrirtæki í gegnum aðild spítalans að Auðnu tæknitorgi og hefur formlegur trúnaðarsamningur verið undirritaður á milli beggja aðila. Vísindaráð og vísindadeild skilaði forstjóra og framkvæmdastjórn tillögu að athugasemdum í samráðsgátt stjórnvalda um frumvarp S-196/2024 til nýrra heildarlaga um opinbera samkeppnissjóði á sviði vísinda og nýsköpunar. Vísindaráð Landspítala er skipað 10 aðalmönnum og 10 varamönnum til fjögurra ára í senn.

Aðalmenn Vísindaráðs Landspítala 2024: Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor við Háskóla Íslands, formaður til 1. nóvember. Karl Andersen, prófessor í hjartalæknisfræði, hjartadeild Landspítala, fromaður frá 1. nóvember, Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands. Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs á kvenna- og barnasviði LSH og prófessor við Háskóla Íslands. Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands. Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs og prófessor við Háskóla Íslands. Davíð Ottó Arnar, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands. Sigurdis Haraldsdóttir, yfirlæknir og dósent við Háskóla Íslands. Starfsmenn Vísindaráðs á árinu: Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur og Sigríður Bergþórsdóttir, náttúrufræðingur.

[Ársskýrsla Vísindaráðs Landspítala](#)



Jón Gunnlaugur Jónsson, heiðursvísindamaður Landspítala 2024.

Heiðursvísindamaður Landspítala 2024

Jón Gunnlaugur Jónsson, yfirlæknir meinafræðideildar og prófessor í Háskóla Íslands hefur verið valinn heiðursvísindamaður Landspítala fyrir framúrskarandi framlag til vísinda á ferli sínum.

Jón Gunnlaugur lauk kandidatsprófi frá læknaeild Háskóla Íslands vorið 1982. Eftir kandidatsár og héraðsskyldu starfaði hann á rannsóknastofu Háskólans í meinafræði áður en hann hélt til framhaldsnáms í meinafræði í London árið 1985. 1990 fékk Jón námsstöðu til eins árs við Beth Israel sjúkrahúsið í Boston ásamt kennaranafnbót við Harvard háskólann.

Jón Gunnlaugur hlaut sérfræðiviðurkenningu í meinafræði á Íslandi árið 1989. Frá 1990 hefur hann verið starfandi sérfræðingur á meinafræðideild Landspítala (áður Rannsóknastofa Háskólans í meinafræði) og yfirlæknir deildarinnar frá 2013 auk þess að starfa í hlutastarfi sem yfirlæknir Krabbameinsskrár Íslands hjá Krabbameinsfélaginu.

Helstu áhugasvið Jóns Gunnlaugs í vísindarannsóknum snúa að faraldsfræði og meinafræði sjúkdóma, einkum krabbameins, en einnig þáttum sem áhrif hafa á sjúkdómshorfur sjúklinga og möguleika þeirra á meðferð.

Jón Gunnlaugur hefur birt fjölda vísindagreina og tekið þátt í margvíslegum fjölþjóðlegum vísindarannsóknum.

Verðlaunaágrip á vordögum

Fjögur ágrip/veggspjöld vísindaverkefna voru verðlaunuð sérstaklega á uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala, Vísindum á vordögum, í Hringstal 23. apríl 2024.

Höfundar verðlaunaágripanna eru Íris Kristinsdóttir, sérnámslæknir, Jenny Lorena Molina Estupiñan, nemi í ónæmisfræði, Kimberley Anderson, náttúrufræðingur og Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen, sérnámslæknir.

Verðlaunin eru styrkur í formi endurgreiðslu á kostnaði vegna kynningar/ferða á verkefnum sínum allt að 150.000 krónur. Fundarstjóri kynnti verðlaunahafana og kynntu þeir veggspjöld sín fyrir gestum og gangandi á veggspjaldasýningunni í kjölfarið og tóku við verðlaunaskjöllum. Verðlaunaveggspjöldin voru valin úr 73 innsendum veggspjöldum vísindarannsókna árið 2024.

Veggspjöld verðlaunahafanna:

Íris Kristinsdóttir: Hálskirtlatökur eru tengdar auknum líkum á því að bera meningókokka

Jenny Lorena Molina Estupiñan: CAF08b and mmCT enhance Ab response and promote dose sparing to an influenza vaccine in neonatal mice



Sæmundur Rögnvaldsson, ungur vísindamaður Landspítala 2024.

Ungur vísindamaður Landspítala 2024

Sæmundur Rögnvaldsson, sérnámslæknir í lyflækningum hefur verið útnefndur ungur vísindamaður ársins 2024.

Sæmundur lauk læknanámi við Háskóla Íslands haustið 2017 en vísindaferill hans hófst árið 2016 þegar hann hóf doktorsnám undir handleiðslu Sigurðar Yngva Kristinssonar blóðlæknis og prófessors. Síðan þá hefur Sæmundur starfað náið með Sigurði og öðru samstarfsfólki við rannsóknina Blóðskimun til bjargar, lýðgrundaða skimunarrannsókn á Íslandi með það að markmiði að kanna mögulegan ávinning þess að skima fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (e. Monoclonal gammopathy of undetermined significance, MGUS).

Sæmundur varði doktorsritgerð sína um klínískt mikilvægi MGUS í október 2022. Eftir doktorsútskrift hefur hann haldið í rannsóknarteymi Blóðskimunar til bjargar en einnig lagt áherslu á að rannsaka tilurð MGUS og tengsl MGUS við ýmsa sjúkdóma sem ekki eru krabbamein.

Meðfram störfum sem sérnámslæknir í lyflækningum á Landspítala hefur Sæmundur verið virkur í kennslu við læknaeild HÍ, verið umsjónarkennari rannsóknarverkefna læknanema og leiðbeint BSc og MSc nemum í læknavísindum.



Höfundar verðlaunaágripa/veggspjalda

Kimberley Anderson: Unveiling the protective role of androgens in CHD1 deficiency: observations in mice and humans

Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen: Möguleg vanstarfsemi heiladinguls eftir heilahristing hjá íþróttakönnum. Hverjar þarf að meta nánar?



Á myndinni eru frá vinstri: Sigríður Bergþórsdóttir, Magnús Gottfredsson, Jóna Freysdóttir, Elva Rún Rúnarsdóttir, Arna Rut Emilsdóttir, Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir, Stefania Katrín Finnsdóttir, Eirný Þórólfsdóttir og Karl Andersen.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna 2024

Vísindasjóður Landspítala styrkti 5 unga vísindamenn á Landspítala til klínískra rannsókna. Styrkir voru afhentir við hátíðlega athöfn miðvikudaginn 11. desember 2024 í Hringstal, Landspítala. Styrkir námu 1,5 og 3 milljónum króna hver, en veitt var úr sjóðnum í annað skipti til 2ja ára.

Styrkhafar:

Elva Rún Rúnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hlaut styrk að upphæð 1.500.000 kr. vegna verkefnisins Skimun á fótum í áhættu hjá einstaklingum með sykursýki típu 2 á Íslandi: Flokkun og algengi miðað við IWGDF staðla. Meðumsækjandi var Rafn Benediktsson, forstöðulæknir

Arna Rut Emilsdóttir, sérnámslæknir hlaut styrk að upphæð 1.500.000 kr. vegna verkefnisins Meðferðarþættir arfgerðir – hlutfall fyrirbyggjandi greininga á Íslandi. Meðumsækjandi var Jón Jóhannes Jónsson, læknir, Erfða- og sameindalæknisfræðideild, Læknadeild

Aðalbjörg Ýr Sigurbergisdóttir, sérnámslæknir hlaut styrk að upphæð 1.500.000 kr. vegna verkefnisins Lifun og dánarorsakir einstaklinga með góðkynja einstofna mótefnahækkun - niðurstöður úr Blóðskimun til bjargar. Meðumsækjandi var Þorvarður Jón Löve, sérfræðilæknir

Stefanía Katrín Finnsdóttir, sérnámslæknir hlaut styrk að upphæð 3.000.000 kr. vegna verkefnisins Brjóstakrabbamein á Íslandi 2004-2023, meðferðarhældni innkirtlameðferðar, erfðir og horfur hjá ungum sjúklingum. Meðumsækjandi var Ólöf Bjarnadóttir, sérfræðilæknir

Eirný Þórólfsdóttir, erfðaráðgjafi við Erfða- og sameindalæknisfræðideild hlaut styrk að upphæð 3.000.000 kr. vegna verkefnisins Svipgerðargreining á sjúkdómum sem tengjast utangenakerfinu með áherslu á Pilarowski-Björnsson heilkennið. Meðumsækjandi var Hans Björnsson, Yfirlæknir, Erfða- og sameindalæknisfræðideild, Læknadeild

Birtingasjóður

Birtingasjóður Landspítala úthlutaði rúmlega 4 milljónum króna á þriðja starfsári sínu. Árið 2024 voru 25 umsóknir sem fengu afgreiddan styrk úr sjóðnum. Heildarupphæð veittra styrkja úr sjóðnum var 2.825.000 krónur og þar af um 56% vegna birtinga í tímaritum í flokki A; tímarit í yfir 75% flokk áhrifastuðuls (Q1).

[Ársskýrsla Birtingasjóðs_2024](#)

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.

Framgangur við Háskóla Íslands

Á árinu 2024 fengu 6 starfsmenn Landspítala framgang innan Heilbrigðisvísindasviðs HÍ:

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideild

Freyja Jónsdóttir, lyfjafræðingur, dósent við Lyfjafræðideild

Geir Tryggvason, sérfræðilæknir, dósent við Læknadeild

Lena Rós Ásmundsdóttir, sérfræðilæknir, dósent við Læknadeild

Sigurdís Haraldsdóttir, yfirlæknir, prófessor við Læknadeild

Valgerður Lís Sigurðardóttir, sérfræðilljósmóðir, dósent við Hjúkrunar- og ljósmóðurfraeðideild

Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavík, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS)

Á Landspítala er starfrækt Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands (KRS). KRS var sett á laggirnar árið 2010 og er samstarf milli Landspítala og HÍ. Markmið þess er að styðja og efla klínískar rannsóknir, auka samstarf stofnananna á því sviði og styrkja innviði sem snúa að klínískum rannsóknum. KRS er hýst innan vísindadeildar Landspítala.

Helsta starfsemi setursins felst í ráðgjöf og aðstoð við rannsakendur ásamt því að vera tengiliður við utanaðkomandi aðila sem óska eftir rannsóknasamstarfi við Landspítala.

Helstu verkefni á árinu voru sem fyrr ráðgjöf til rannsakenda, samskipti við samstarfsaðila og aðkoma að samningum utan- og innanhúss. Að auki hefur KRS aðstoðað rannsakendur við skráningu rannsókna í opinn gagnagrunn, aðallega clinicaltrials.gov. Rannsakendur úr ýmsum heilbrigðisstéttum hafa fengið tölfraeðiráðgjöf á árinu, auk ráðgjafa um gagnamál.

KRS hefur sem fyrr haldið námskeið í Good Clinical Practice (GCP) fyrir nemendur og starfsfólk Háskólans og Landspítala.

Verkefnastjóri KRS situr í Vísindarannsóknanefnd Landspítala og í stjórn Nordisk Monitoring Network (NORM).

Stjórnarmenn KRS eru Karl Andersen, fulltrúi vísindaráðs Landspítala, Guðrún Kristjánsdóttir, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, Ása Vala Þórisdóttir, rannsóknastjóri, heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Formaður stjórnar er Magnús Gottfreðsson, forstöðumaður vísinda á Landspítala.

Verkefnastjóri setursins er Halla Sigrún Arnardóttir.

[Heimasíða KRS](#)

[Ársskýrsla KRS 2024](#)

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands

Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala og Háskóla Íslands er rekið sameiginlega af spítalanum og Heilbrigðisvísindasviði HÍ í samræmi við samning stofnananna. Stjórn safnsins er skipuð Magnúsi Gottfreðssyni og Önnu Sigríði Guðnadóttur fulltrúum Landspítala og Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur, fulltrúa HÍ.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Þá voru sjö stofnanir með þjónustusamninga við safnið um aðgang að safnkosti. Á safninu starfa 3 upplýsingafræðingar og einn bókmenntafræðingur.

Verkefni

Innan bókasafnsins er sinnt marvíslegum verkefnum. Meðal hefðbundinna verkefna eru skráning safnskots í bókasafnskerfi landsins, Gegni, og önnur rafræn kerfi, millisafnalán og greinaþjónusta, aðstoð við heimildaleitir og almennar leiðbeiningar varðandi notkun safngagna, heimildaskráningu og upplýsingaöflun. Af stærri viðfangsefnum má nefna samninga við erlenda útgefendur og birgja um aðgang að rafrænum tímaritum, gagnasöfnum og upplýsingaveitum. Safnið hefur með höndum aðgangsstýringu að og framsetningu gagna á vef svo notendur hafi aðgang á sem skilvirkastan máta. Þá sinnir starfsfólk safnsins formlegri kennslu og leiðsögn starfsfólks LSH og nemenda og kennara HÍ varðandi upplýsingaöflun og meðferð heimilda og gerir heimildaleitir samkvæmt beiðni. Einnig tekur starfsfólk safnsins þátt í gerð vísindaskýrslu Landspítala.

Safnkostur

Meginhluti safnkots bókasafnsins er rafræn tímarit sem spanna þau svið heilbrigðisvísinda sem stunduð eru, kennd og rannsökuð innan Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Fjöldi erlendra tímarita í sérskrift bókasafnsins í árslok 2024 var vel á sjötta hundrað virkra titla þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshefti

strax við útgáfu þess. Til viðbótar við sérskriftir er safnið með mikinn fjölda tímarita í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Þess má geta að árið 2024 voru sóttar um 180.500 tímaritsgreinar úr áskriftartímaritum safnsins. Auk tímarita semur safnið um aðgang að ýmsum sérhæfðum gagnasöfnum og rafrænum bókum

Árið 2024 var kostnaður vegna áskrifta að rafrænum gögnum um 148 milljónir króna. Aðgangur að safnkostinum er á [vef Heilbrigðisvísindabókasafnsins](#).

Samstarf

Hér verða talin upp helstu samstarfsverkefni safnsins.

IRIS. Rannsóknir á Íslandi (Pure).

Rekstur þessa kerfis er samstarfsverkefni háskóla og rannsóknarstofnana á Íslandi og er tilgangur þess að halda utan um rannsóknarvirkni og afurðir vísindastarfs á Íslandi. Bókasafnið sér um skráningu útgefna afurða vísindastarfs innan Landspítala. Á árinu fór fram undirbúningur að breyttri uppsetningu kerfisins. Í árslok 2024 voru 9345 greinar skráðar í IRISi.

Allir háskólar landsins og helstu rannsóknarstofnanir verða þátttakendur í kerfinu þegar fram líða stundir. <https://iris.ra.is/is/organisations/landspitali-the-national-university-hospital-of-iceland>

Landsaðgangur að rafrænum gögnum.

Heilbrigðisvísindabókasafnið hefur tekið virkan þátt í því samstarfsverkefni frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót. Stjórnandi safnsins hefur setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá því það hóf göngu sína um síðustu aldamót.

Samstarf stjórnenda háskólabókasafna.

Safnið tekur þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. bókasafnskerfi, stefnumótun um opinn aðgang, ÍRISi upplýsingakerfi um rannsóknir, upplýsingalæsi o.s.frv. Undir regnhlíf þessa samstarfs tók starfsfólk safnsins þátt í ýmsu samstarfi.

Landskerfi bókasafna.

Nokkur reynsla er komin á nýtt bókasafnskerfi. Starfsfólk safnsins heldur áfram að sinna samstarfi í ýmsum vinnuhópum sem því tengjast.

Samstarf við Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

Reglulegt samstarf og samtal við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.

Samstarf við Sjúkrahúsið á Akureyri

Árið 2023 hófst samtal við SAK, að frumkvæði ráðuneytis heilbrigðismála, um möguleika þess að sjúkrahúsið gæti gengið inn í samninga Heilbrigðisvísindabókasafnsins við erlenda útgefendur rafræns efnis og starfsfólk þess þannig fengið umtalsvert betri aðgang að tímaritum. Umtalsverð vinna fór fram á árinu 2024 við að ræða við útgefendur um aðgang SAK í tengslum við samningaviðræður vegna Heilbrigðisvísindabókasafnsins. Á haustmánuðum ákvað SAK að taka þátt í áskriftum bókasafnsins hjá Elsevier og Wiley árið 2025. Líklegt er að þetta samstarf haldi áfram.

Þess má geta að Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ er eina bókasafn sinnar tegundar á Íslandi.

Starfsfólk

Anna Sigríður Guðnadóttir verkefnastjóri, Halldór Marteinnsson, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson

[Ársskýrslur Heilbrigðisvísindabókasafns eru aðgengilegar hér:](#)



Rannsókn á augnþurrki

Heilbrigðistæknisetur

Heilbrigðistæknisetur (HTS) er sameiginleg rannsóknarstofa Landspítala og Háskólans í Reykjavík í stoðkerfis- og taugaverkfræði (e. Institute of Biomedical and Neural Engineering). HTS er frumkvöðull í þrívíddarprentun og er leiðandi í þrívíddarprentun fyrir heilbrigðisþjónustuna með áherslu á líffæralíkön til skipulagningar skurðaðgerða.

Þessi líkön gefa fyrirheit um úrlausnir margvíslegra og flókinna vandamála. Með notkun sýndarveruleika (SV) og auknum veruleika (AV) geta heilbrigðisstarfsmenn nýtt sér hermanir til kennslu og þjálfunar. Í sameiginlegu átaki með Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og Landspítala er HTS að þróa gagnagrunn fyrir hermunaraðstöðu sem byggir á þrívíddarprentun og SV/AV tækni þar sem hægt verður að tengjast grunninum gegnum öll venjuleg samskiptatæki og nota við kennslu og meðferð sjúklinga bæði í skólastofu, aðgerðarstofu eða í fundaraðstöðu.

Á HTS er vísindastarfsemi skipt milli þriggja rannsóknarstofa: heilaritsstofu með fjölrása greiningarmöguleikum, stöðugleikastjórnunarstofa og þrívíddarprentunarstofa. HTS er í samstarfi við aðrar vísinda- og heilbrigðisstofnanir bæði hérlandis og erlendis. Sem dæmi má nefna samstarf við erlend fyrirtæki sem eru

að þróa lækningavörur fyrir augnþurrk þar sem mælingar eru gerðar á sjónviðbrögðum heilans við örvun með sterku ljósi; samstarf við taugalækna Landspítalans og lækningastofur í Reykjavík við að rannsaka og meta breytingar á tauganetinu við stöðuleikastjórnun hjá Parkinson sjúklingum, samstarf við sjúkrahúsið Vog við mat á stöðuleikastjórnun hjá einstaklingum með fíkn fyrir vini; gerð þrívíðarmóðela til annars vegar úrlausna á sérkennilegum sjúkdómsfyrirbærum í flóknum líffærasvæðum og til mælinga á beinstyrk til rannsókna á vali bezta gerviliðar í mjöðm byggða á sérkennum hvers einstaklings.

HTS er mikilvæg varða fyrir menntun í heilbrigðisverkfræði á Íslandi og hefur aflað sér verulegt gildi í alþjóðlegu tilliti. Á árinu 2024 lögðu ríflega 60 alþjóðlegir og íslenskir nemendur stund á nám við setrið í starfsnámi, meistaranámi, doktorsnámi og nýdóktorarránsóknum. Afrakstur rannsóknanna er eftirtektarverður með fleiri en 10 greinar í ritrýndum alþjóðlegum vísindatímaritum auk bóka og fjölda kynninga á ráðstefnum. Stjórnandi setursins er Paolo Gargiulo, verkfræðingur, prófessor við HR; aðrir starfsmenn eru Þórður Helgason, verkfræðingur og dósent við HR, Riccardo Forni verkfræðingur, og Halldór Jónsson jr, bækunarskurðlæknir og prófessor emeritus við HÍ og HR. Upplýsingar um styrki, nema og ritstörf á vegum HTS má sjá í yfirliti vísindastarfa undir Heilbrigðisverkfræði. Hlekkja í kafla um heilbrigðisverkfræði.

Klínískar rannsóknastofur á Landspítala

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN)

Tengiliðir RÍN við Landspítala eru Ingibjörg Gunnarsdóttir og Áróra Rós Ingadóttir.

Rannsóknastofa í næringarfræði (RÍN) var stofnuð 1997 og starfaði samkvæmt samningi milli Háskóla Íslands og Landspítala til ársins 2022. Vegna óvissu um húsnæðismál var gerð breyting á starfsemi og starfar RÍN nú á grundvelli samkomulags milli akademískra starfsmanna HÍ og Landspítala sem tók gildi 18.apríl 2024. Markmið starfseminnar er eftir sem áður að efla rannsóknir og nýsköpun á sviði næringarfræði í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, í háskólum, stofnunum og fyrirtækjum ásamt því að taka virkan þátt í samtali við samfélagið.

Rannsóknastofa í gigtarsjúkdómum (RG)

Forstöðumaður: Dr. Katrín Þórarinsdóttir.

Að stofnun RG árið 1996 komu Læknadeild HÍ, Vísindaráð Gigtarfélags Íslands og Lions hreyfingin á Íslandi, auk gigtlækningadeildar LSH og verður því RG 30 ára 2026. Markmið með stofnun RG var að efla þekkingu og vísindastarf á gigtarsjúkdómum hér á landi, auk þess að styðja við alþjóðlegt rannsóknarsamstarf á sviði gigtarsjúkdóma. Fjölmargir háskólanemar hafa stundað rannsóknarnám sitt í samvinnu við RG. Upphaflega beindust verkefni RG að grunnrannsóknum með áherslu á erfðafræði, ónæmisfræði og ýmsa þætti í bólguferli gigtarsjúkdóma en á síðari árum hefur verið lögð áhersla á kerfisbundna söfnun meðferðaupplýsinga um notkun líftæknilyfja við líðbólgujúkdómum hér á landi með því að reka öflugan gagnagrunn – ICEBIO, sem hefur opnað áhugaverða samstarfsmöguleika við erlendar rannsóknastofnanir. Þá er markmiðið að stofna lífsýnasafn tengt ICEBIO-meðferðarskránni.

Fjölbreytt rannsóknarstarfsemi fer fram undir merkjum RG, þar má nefna faraldsfræði, klínískar rannsóknir og meðferðarannsóknir þar sem stuðst er við upplýsingar úr ICEBIO gagnasafninu. Frekari upplýsingar um rannsóknarstarf í gigtarsjúkdómum má sjá í yfirliti yfir vísindarannsóknir í gigtarlækningum.

Rannsóknastofa í fæðinga-, kvenna- og barna- og fjölskyldufræðum við Landspítala og Háskóla Íslands (RKB)

Formaður stjórnar Rannsóknastofu í fæðinga-, kvenna- og barna- og fjölskyldufræðum: Helga Gottfreðsdóttir

Formaður stjórnar Rannsóknasjóðs í fæðinga-, kvenna- og barna- og fjölskyldufræðum: Jóhanna Gunnarsdóttir

Rannsóknastofan hefur verið starfrækt í fjögur ár en hún var stofnuð 2021 með undirritun samnings milli forsvarsmanna og æðstu stjórnenda kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Það er töluverð áskorun að setja á stofn slíka starfsemi og mikilvægt að hún gagnist vísindasamfélaginu og klíniskri starfsemi. Í stjórn sitja aðilar frá báðum stofnunum og hlutverk stofunnar er m.a. að vera miðstöð rannsókna og skapa samfélag fyrir rannsakendur í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum. Jafnframt að ákveða í samráði við stjórn rannsóknasjóðs í fæðinga-, kvenna-, barna- og fjölskyldufræðum um vísindastyrki á Landspítala.

[Heimasíða á ytri vef Landspítala hefur verið opin frá júní 2023:](#)

Rannsóknastofa í hjarta- og æðasjúkdómum við Landspítala og Háskóla Íslands (RHÆ)

Forstöðumaður: Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir

RHÆ var sett á laggimar 2010 með stofnskrá sem undirrituð var af forstjóra og forseta heilbrigðisvísindasviðs.

Á RHÆ fer fram viðtækt rannsóknar- og fræðslustarf í hjarta- og æðasjúkdómum. Áhersla er á þverfaglega nálgun og viðtækt samstarf heilbrigðisstétta. Meðal verkefna eru leiðsögn og þjálfun nema í doktors- meistara og bakkalárnámi, umsjón gæðaskrár SWEDEHEART gagnagrunnsins í samstarfi við Uppsala Clinical Research Center (UCR), samstarf við innlendar vísindastofnanir svo sem Íslenska Erfðagreiningu og Hjartavernd, framkvæmd klínískra lyfjarannsókna í samstarfi við innlend og alþjóðleg lyfjafyrirtæki, Sidekick verkefnið um rafrænt eftirlit og meðferð sjúklinga á göngudeildum hjartadeilda, EUROASPIRE VI rannsóknin sem er



Rannsókn á ferðaveiki

samevrópsk rannsókn á greiningu og meðferð áhættuþátta kransæðasjúklinga, hjartabilunarskrá og fjölbreytt rannsóknarverkefni allra heilbrigðisstétta sem koma að rannsóknum í hjarta- og æðasjúkdómum á Landspítalanum. Á RHÆ starfa hjúkrunarfræðingar í verkefnabundnum hlutastöðum og hafa þeir fengið þjálfun í Good Clinical Practice á Klíniska rannsóknarsetri Landspítalans.

3 lyfjarannsóknir voru í gangi í árslok 2024 á vegum RHÆ og ein inngrípsrannsókn til viðbótar.

Rannsóknastofa Landspítala og HÍ í bráðafæðum.

Tengiliður: Hjalti Már Björnsson

Rannsóknastofan var sett á laggimar árið 2010 og fer þar fram ýmis starfsemi. Sjá nánari upplýsingar um rannsóknir á vegum rannsóknastofunnar má sjá undir bráðalæknisfræði (hlekkur) og bráðahjúkrun (hlekkur).

Miðstöð í öldrunarfræðum

Tengiliður á Landspítala: Anna Björg Jónsdóttir

Miðstöð í öldrunarfræðum stofnuð 2024

Samvinna Háskóla Íslands og Landspítala á sér farsæla sögu í rannsóknum og fræðslu um öldrunarmál, undir formerkjum Rannsóknastofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ), frá stofnun hennar á ári aldraðra, árið 1999 fram til ársins 2024, þegar rannsóknarstofan var lögð niður.

Í framhaldinu var stofnuð Miðstöð í öldrunarfræðum (MiÖ), sumarið 2024. Miðstöðin er staðsett undir Heilbrigðisvísindastofnun Háskóla Íslands en starfrækt í samvinnu við Landspítala. Henni er ætlað það hlutverk að sinna marghátuðum rannsóknum og greiningu í tengslum við stöðu eldra fólks í samfélaginu með aðkomu fjölbreytts hóps fag- og fræðimanna.

Rekstur miðstöðvarinnar byggir á fjárhagslegum stuðningi tveggja ráðuneyta, heilbrigðisráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, auk rannsóknarstyrkja og tekna af þjónusturannsóknum og sérverkefnum. Á meðal verkefna miðstöðvarinnar sem lögð hafa verið drög að eru Norræn samstarfs- og rannsóknarverkefni. Einnig verður unnið að framgangs- og árangursmati þróunarverkefna á vegum „Gott að eldast“.

Í stjórn Miðstöðvar í öldrunarfræðum sitja: Ingibjörg Hjaltadóttir, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, formaður, Anna Björg Jónsdóttir, yfirlæknir öldrunarlækninga og Halldór S. Guðmundsson, dósent og varaforseti félagsráðgjafardeilda. Varamenn í stjórn eru: Bergþóra Baldursdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir og Thor Aspelund.

[Miðstöð í öldrunarfræðum - Heimasíða](#)

Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2024

Augnlæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Gunnar Már Zoéga
Yfirlæknir

Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins

Augsjúkdómar í sykursýki, súrefnisbúskapur sjónhimnu í mönnum. Áhættureiknir í vægri, vitrænni skerðingu. Lífðlisfræði sléttra vöðva í sjónhimnuæðum. Mýs með stökkbreytingum í microphthalmia geni. Hjáveituaðgerðir í gláku – áhrif á augnþrýsting, sjónsvið og lyfjanotkun. Súrefnisbúskapur og raflífðlisfræðileg virkni sjónhimnu í Parkinsons sjúkdómi. Sýkingar í hornhimnum. Fyrirburar og retinopathy of prematurity.

Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands
Þór Eysteinnsson. Verkan nýrra kolanhydrasa hamlara á togkraft slagæðaveggs.

Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur

Þór Eysteinnsson. Svipgerð augans í erfðabreyttum músum með stökkbreytingar í Mitf geni, og aldursháðar breytingar í þeim.

Meistaraneimar:

Freyja Húnfjörð Jósepsdóttir. Greiningar á lífmerkjum í sjónhimnu fólks með Parkinsonsveiki og væga, vitræna skerðingu. Umsjónarkennari: Ólöf Birna Ólafsdóttir. Meistaraneind: Þórunn Scheving Eliasdóttir og Marianne Klinkle.

Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

Samstarfsaðilar innan Landspítala
Öldrunarlæknisfræði. Sýkla- og veirufræðideild.

Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala
Háskóli Íslands, Íslensk erfðagreining, Hjartavernd.

Erlendir samstarfsaðilar
Svíþjóð: Uppsala Universitet, Umeå Universitet.

Danmörk: Syddansk Universitet í Óðinsvéum og Aarhus Universitet í Árósum.

Holland: Leiden University í Haag.

Finnland: Háskólinn í Austur Finnlandi í Kuopio.

Viðurkenningar sem starfsfólk fræðasviðsins /fræðigreinarinnar fékk á árinu 2024

Jóhann Ragnar Guðmundsson er member í American Academy of Ophthalmology.

Jóhann Ragnar Guðmundsson er member í

European board of Ophthalmology.

Birna Guðmundsdóttir er Candidate member í ESOPRS.

Dýrleif Pétursdóttir er forseti NPOG, Nordic Pediatric Ophthalmology Group. Hún var forseti NPOG-NSA2024 þingsins sem var haldið 23-25 maí 2024 í Hörpu, Reykjavík (npog-nsa2024.is).

Haraldur Sigurðsson er stjórnarmaður í SOE, European Society of Ophthalmology.

Helgi Davíð Björnsson er forseti NSA, Nordic Strabismological Association.

Sigríður Þórisdóttir er formaður Augnlæknafélags Íslands.

María Soffía Gottfreðsdóttir er full member í American Glaucoma Society (AGS).

María Soffía Gottfreðsdóttir er member of European University Professors of Ophthalmology (EUPO).

Störf í ritstjórn ritrýndra fagrita á árinu 2024

Helgi Davíð Björnsson er í ritstjórn Oftalmolog.

María Soffía Gottfreðsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Birna Guðmundsdóttir er stjórnarmaður í ACTA Ophthalmologica.

Þór Eysteinnsson er aðstoðarritstjóri á tímaritinu Brain Communications (Oxford University Press).

Þór Eysteinnsson er gestarritstjóri Frontiers in Cellular Neurophysiology. Research Topic: Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. (Eysteinnsson, T., Fadool, D. A., Thoreson, W. B., eds. (2022). Sensory Processing in Vision and Olfaction – Common Features of Key Players. Lausanne: Frontiers Media SA. doi: 10.3389/978-2-88974-634-7).

Ritverk- vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum

🔴 Jansook P, Loftsson T, Stefánsson E. Drug-like properties of tyrosine kinase inhibitors in ophthalmology: Formulation and topical availability. Int J Pharm. 2024;655:124018. doi: 10.1016/j.ijpharm.2024.124018

Klefter ON, Erichsen JH, Hansen MM, Holm LM, Hardarson SH, Stefánsson E, Kessel L. Evaluation of a retinal oximetry image quality indicator in patients with cataract. Acta Ophthalmol. 2024;102(3):312-317. doi: 10.1111/aos.15747

🔴 Pétursdóttir D, Åkerblom H, Holmström G, Larsson E. Central macular morphology and optic

nerve fibre layer thickness in young adults born premature and screened for retinopathy of prematurity. Acta Ophthalmol. 2024;102(4):391-400. doi: 10.1111/aos.15814

García-Llorca A, Eysteinnsson T. The Microphthalmia-Associated Transcription Factor (MITF) and Its Role in the Structure and Function of the Eye. Genes (Basel). 2024 Sep 27;15(10):1258. doi: 10.3390/genes15101258. PMID: 39457382. Review

García-Llorca A, Carta F, Supuran CT, Eysteinnsson T. Carbonic anhydrase, its inhibitors and vascular function. Front Mol Biosci. 2024 Jan 29;11:1338528. doi: 10.3389/fmolb.2024.1338528. eCollection 2024.PMID: 38348465. Review

Barnalæknisfræði

Forstöðumaður fræðasviðs: Ásgeir Haraldsson
prófessor

Áherslur í rannsóknum innan fræðasviðsins /fræðigreinarinnar

Faraldsfræði sjúkdóma barna, tilurð þeirra og meðferð. Meðal helstu verkefna eru rannsóknir á árangri bólusetninga barna á Íslandi, meinmyndun nýrnaskaða og meðferð sjúklinga með adenín-fosfóríbósýltransferasaskort, árangur meðferða krabbameina og þættir sem hafa áhrif á horfur, möguleg áhrif raskaðrar örveruflóru á tilurð og framgang sjúkdóma, horfur nýbura og fyrirbura o.fl. Auk þess eru stundaðar umfangsmiklar rannsóknir á fæðuþoli og ofnæmi, nýrnasteinasjúkdómi, blóðþrýstingi, offitu barna, smitsjúkdómum og áhrifum ónæmiskerfis, sykursýki barna og iðrasykingum svo eitthvað sé talið.

Styrkir sem fræðasviðið fékk á árinu

Rannsóknasjóður RANNÍS
Öndvegissýrur, úthlutað til þriggja ára (2021-2024). Viðar Örn Eðvarðsson og Runólfur Pálsson. Adenín-fosfóríbósýltransferasaskortur: Meinmyndun nýrnaskaða og einstaklingsmiðuð meðferð (e: Adenine Phosphoribosyltransferase Deficiency: Mechanisms of Kidney Injury and Treatment Individualization).

Vísindasjóður Landspítala
Hvatningarstyrkur:

Viðar Örn Eðvarðsson, sérfræðilæknir og prófessor: „Mechanisms of kidney injury in 2,8-dihydroxyadeninuria“

Verkefnastyrkir:

Ásgeir Haraldsson, yfirlæknir og prófessor: Bakteríur og veirur í nefkoki leikskólabarna-Mat á algengi og sýklalyfjaónæmi baktería og mat á árangri bólusetninga-Langtímarannsókn.

Snorri Freyr Donaldsson, sérfræðilæknir:
Heilablæðingar hjá fyrirburum sl. 30 ár – nýgengi,
áhættuþættir og afleiðingar.

Valtýr Stefánsson Thors, yfirlæknir: Áhrif
sýklalyfjanotkunar snemma á ævinni á svörum við
bólusetningum.

Kristín Leifsdóttir, forstöðulæknir: Taugasálfræðilegir
veikleikar hjá fyrirburum sem fæddust eftir minna
en 28 vikna meðgöngu á Íslandi á árunum 2012 til
2017.

Rannsóknasjóður Háskóla Íslands

Valtýr Stefánsson Thors. Áhrif sýklalyfjanotkunar
snemma á ævinni á svörum við bólusetningum.

Viðar Örn Eðvarðsson. Hámörkun á gæðum
lyfjameðferðar sjúklinga með APRT-skort.

Doktorsstyrkjasjóður Háskóla Íslands

Birta Bæringsdóttir. Styrkur til 3 ára (2022-2024).
Útsetning fyrir sýklalyfjum snemma á ævinni og
síðkominn áhrif á heilsu barna. Leiðbeinendur: Valtýr
Stefánsson Thors og Ásgeir Haraldsson.

Vísindasjóður félags íslenskra gigtlaekna.

Judith Amalla Guðmundsdóttir. Ónæmisfræðilegar
orsakir snemmkominnar barnagigtar.

Rannsóknarsjóður kvenna- og barnaþjónustu.

Helga Elíðóttir. Ferðalag með langvinnan sjúkdóm.

Doktorsnemar

Aðalheiður Elín Lárusdóttir. Genetics of fat
distribution. Læknadeild, Háskóla Íslands.
Leiðbeinandi Hilma Hólm. Umsjónarkennari
Ragnar Bjarnason. Aðrir í doktorsnefnd: Ólafur
Guðmundur Þorgeirsson.

Ásdís Hrönn Sigurðardóttir. Tengsl blóðþrýstings í
æsku við blóðþrýsting og háþrýsting hjá ungum
fullorðnum: 10 ára eftirfylgdarrannsókn.
Læknadeild, Háskóla Íslands. Umsjónarkennari:
Viðar Örn Eðvarðsson. Aðrir í doktorsnefnd: Ólafur
Skúli Indriðason, Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir,
Sigurður Sverrir Stephensen, Hilma Hólm.

Birta Bæringsdóttir. Útsetning fyrir sýklalyfjum
snemma á ævinni og áhrif á heilsufar barna.:
Læknadeild, Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi:
Valtýr Stefánsson Thors. Umsjónarkennari Ásgeir
Haraldsson. Doktorsnefnd: Kristján Orri Helgason,
Birgir Hrafnkelsson, Þórólfur Guðnason.

Hildur Rún Helgudóttir. Adeninfosfóribósýltransfera
saskortur: Sameinda- og frumulíffræðilegar
breytingar í nýrnafrumum eftir meðhöndlun með
2,8-dihýdroxýadeníni (DHA). Læknadeild, Háskóla
Íslands. Umsjónarkennari Þórarinn Guðjónsson.
Meðleiðbeinandi: Viðar Örn Eðvarðsson.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Primary aldosteronism
in Iceland. Læknadeild, Háskóla Íslands.
Leiðbeinandi Helga Ágústa Sigurjónsdóttir,
umsjónarkennari Ragnar Bjarnason. Aðrir í
doktorsnefnd: Bjarni Agnarsson, Guðjón Birgisson.

Unnur A. Thorsteinsdóttir. Development of
quantitative ultra-performance liquid
chromatography tandem mass spectrometry
(UPLC-QqQ-MS) assay for clinical diagnosis and
pharmacotherapy monitoring of patients with APRT
deficiency. Lyfjafræðideild, Háskóla Íslands.
Aðalleiðbeinandi: Margrét Þorsteinsdóttir.
Umsjónarkennari: Runólfur Pálsson. Aðrir í
doktorsnefnd: Viðar Örn Eðvarðsson, Mathew
Lewis, Jón Jóhannes Jónsson.

Vigdís Hrönn Viggósdóttir. Late effects of childhood
cancer - Survivor's health condition, quality of life
and experience. Læknadeild, Háskóla Íslands.
Leiðbeinandi Ragnar Bjarnason, umsjónarkennari
Helga Jónsdóttir, Thor Aspelund.

Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum

Íslenskir samstarfsaðilar innan Landspítala

Erfða- og sameindalæknisfræði, hjartalæknisfræði,
kvensjúkdóma- og fæðingarlæknisfræði,
lyflæknisfræði, meinafræði, nýrnalæknisfræði,
ofnæmislæknisfræði, ónæmisfræði, sýkla- og
veirufraði, smitsjúkdómalæknisfræði; svæfinga- og
gjörgæslulæknisfræði.

Íslenskir samstarfsaðilar utan Landspítala

ArcticMass, Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins,
Íslensk erfðagreining, Háskóli Íslands:
Lyfjafræðideild; efnafræðideild; félagsvísindadeild;
hagfræðideild; sálfræðideild; verkfræði- og
náttúruvísindadeild, Háskólinn í Reykjavík.

Erlendir samstarfsaðilar

Austurríki: Medical University of Vienna, Biomay AG
Vienna; Paris Lodron University of Salzburg.

Bandaríkin: Mayo Clinic, Rocheser Minnesota; NYU
School of Medicine, New York.

Belgía: European Cystic Fibrosis Society Patient
Registry, Brussel.

Bretland: Imperial College, London; Nuffield
Department of Medicine and Department of
Zoology; University of Oxford, Oxford, Pathogen
Genomics, Wellcome Trust Sanger Institute,
Hinxton; Royal Free Hospital, University College of
London; University of Bristol; University of Oxford,
Oxford; University of Bristol, School of Cellular and
Molecular Medicine. Institute of Food Research,
Bristol University. Southampton Children Hospital.
St Mary's Hospital London.

Danmörk: Copenhagen University, Statens Serum
Institut, Copenhagen; Odense University Hospital.
Scandinavian Cystic Fibrosis Study Consortium.

Finland: Department of Pediatrics, Kuopio
University Hospital, Kuopio, Finland; Department of
Pediatrics, Oulu University Hospital, Oulu, Finland;
Department of Pediatrics, Turku University central
hospital, Turku; Department of Pediatrics, Tampere
University Hospital, Tampere; Helsinki University
Central Hospital, Helsinki.

Frakkland: CEA Institute of Biology Technologies.

Grikkland: Kapodistrian University of Athens.

Holland: Academic Medical Center, HAL Allergy BV,
Leiden; BIAL Aristegui, University Medical Centre
Utrecht; Clinical Trial Centre Maastricht.

Noregur: Oslo University.

Pólland: Medical University of Lodz, Poland.

Spánn: Hospital Clinico San Carlos, BIAL Aristegui,
Bilbao, Servicio Andaluz de Salud; Paediatric
Infectious Disease Unit, Hospital 12 de Octubre,
Madrid.

Svíþjóð: Karolinska Institute, Stockholm; Linköping
University; Sahlgrenska University Hospital,
Gothenburg. Lund University Svíþjóð. Skane
University Hospital Svíþjóð.

Þýskaland: Inst. of Pathology & Dpt. of Nephrology,
Laboratory of Nephropathology University Clinic of
RWTH, Aachen.

Starfsmenn fræðasviðsins eru enn fremur í
alþjóðlegu samstarfi í vísindarannsóknum í
gegnum ýmis samvinnuverkefni (upptalning ekki
tæmandi):

Food Allergy Specific Therapy (FAST) Study Group.

Nordic Society for Pediatric Hematology and
Oncology (NOPHO).

The Rare Kidney Stone Consortium a part of the
National Center for Advancing Translational
Sciences (NCATS) Rare Diseases Clinical Research
Network.

Störf í ritstjórn ritrýndra fagrita á árinu

Ásgeir Haraldsson er í ritstjórn (editorial board
member) Acta Paediatrica.

Viðar Örn Eðvarðsson er í ritstjórn (editorial board
member) Pediatric Nephrology.

Þórður Þórkelsson er aðstoðarritstjóri Current
Treatment Options in Pediatrics.

Doktorsritgerð á árinu

Íris Kristinsdóttir. Vaccine preventable diseases in
Icelandic children - rotavirus, meningococcus, and
influenza: We can do better. Læknadeild, Háskóla
Íslands. Aðalleiðbeinandi: Valtýr Stefánsson Thors.
Umsjónarkennari: Ásgeir Haraldsson.
Doktorsnefnd: Þórólfur Guðnason, Karl G.
Kristinnsson, Magnús Gottfredsson.

Sonja Baldursdóttir. Newborn respiratory support
using distending pressure: the effect of interfaces
and system design on performance and outcome.
Karolinska University Hospital, Sweden.
Leiðbeinendur: Baldvin Jónsson, Thomas
Drevhammar og Snorri Donaldsson. Doktorsnefnd:
Kajsa Bohlin-Blennow, Ola Andersson og Stefan
Johansson.

Kolbrún Gunnarsdóttir: Easy breathing: exploring aspects of interfaces and devices for neonatal respiratory support. Karolinska University Hospital, Sweden. Leiðbeinendur: Thomas Drevhammar, Baldvin Jónsson og Snorri Donaldsson. Doktorsnefnd: Ola Andersson, Anders Elfvin og Jon Konradsen.

Helga Elíddóttir: The diverse manifestations of Cystic Fibrosis. Lund University. Leiðbeinendur : Dr.Erik Eklund og Dr. Christine R Hansen. Andmælandi : Prof.Dr. med Mirjam Stahl. Doktorsnefnd : Dr Annette Carlsson, Dr. Daniel Faurholt-Jepsen, Dr. Sara Rolandsson Enes.

Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen. Secondary effects of head trauma in female athletes, possible hypopituitarism, psychological defects and loss of quality of life. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, umsjónarkennari Ragnar Bjarnason. Aðrir í doktorsnefnd: María Kristín Jónsdóttir, Hafrún Kristjánsdóttir, Sigrún Helga Lund.

Erlendur Egilsson. Usage and daily attrition from a smartphone-based health behaviour intervention. Læknadeild, Háskóla Íslands. Leiðbeinandi og umsjónarkennari. Doktorsnefnd: Ragnar Bjarnason.

Ritverk- vísindagreinar í ritrýndum innlendum tímaritum

Arnfríðardóttir AR, Þorsteinsdóttir S, Ólafsdóttir AS, Brynjólfssdóttir B, **Bjarnason R**, **Helgason T**. Frávik í blóðgildum og skerðing á insúlínnaemi barna og unglinga í Heilsuskóla Barnaspítala Hringins. Læknablaðið. 2024;110(2):79-84. doi: 10.17992/ibl.2024.02.780

Gunnarsdóttir ÁB, **Þórkelsson Þ**, Bjarnadóttir RI, Gudmundsdóttir EY. Fyrirburafæðingar á Íslandi 1997-2018: Hefur uppruni mæðra áhrif á útkomur barna? Læknablaðið. 2024;110(3):135-143. doi: 10.17992/ibl.2024.03.784

Reynisdóttir KF, Hjartardóttir H, Rósmundsson Þ, **Þórkelsson Þ**. Kvíðarklofi og naflastrengshaull: Nýgengi, sjúkdómangangur og árangur meðferðar. Læknablaðið. 2024;110(3):144-150. doi: 10.17992/ibl.2024.03.785

Ritverk – vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum

Baldursdóttir S, Gunnarsdóttir K, **Donaldsson SF**, Jonsson B, Drevhammar T. Skin-to-skin stabilisation and uninterrupted respiratory support for preterm infants after birth: feasibility of a new and simplified rPAP system. Arch Dis Child Fetal Neonatal Ed. 2024;109(6):638-642. doi: 10.1136/archdischild-2023-326409

Balthasar MR, Roelants M, Brannsether-Ellingsen B, **Bjarnason RG**, Bergh IH, Kvalvik LG, Stangenes KM, Jugessur A, Tollånes MC, Markussen F, Juliusson PB. Trends in overweight and obesity in Bergen, Norway, using data from routine child healthcare 2010-2022. Acta Paediatr.

2024;113(9):2098-2106. doi: 10.1111/apa.17323

Biedebach L, Óskarsdóttir M, Arnardóttir ES, Sigurdardóttir S, **Clausen MV**, Sigurðardóttir SP, Serwatko M, Islind AS. Anomaly detection in sleep: detecting mouth breathing in children. Data Mining and Knowledge Discovery. 2024;38(3):976-1005. doi: 10.1007/s10618-023-00985-x

Björklund V, Saxén H, Hertting O, Malchau Carlsen EL, Hoffmann S, Håkansson S, **Thors VS**, **Haraldsson Á**, Brigtsen AK, Döllner H, Huhtamäki H, Pokka T, Ruuska TS, Nordic Research Network for Paediatric Infectious Diseases Study G. Early-onset group B streptococcal infections in five Nordic countries with different prevention policies, 1995 to 2019. Euro Surveill. 2024;29(3). doi: 10.2807/1560-7917.ES.2024.29.3.2300193

